

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

211. FUNDUR.

211. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 17. janúar árið 2013 í fundarsal Ráðhúss kl. 11:00. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð Starfshóps um samþykktir og stjórnýslu sameinaðs sveitarfélags , oddviti kynnti.

Fundargerð 11. fundar frá 10. janúar 2013. Fundargerð í 1 lið. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Fundargerð 12. fundar

frá 17. janúar 2013. Fundargerð í 1 lið. Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram við fundargerðina og eru þær í samræmi við tillögur starfshópsins um breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti Húnaþings vestra:

A „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ráðist verði í breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti Húnaþings vestra í samræmi við tillögur starfshóps um samþykktir og stjórnýslu sameinaðs sveitarfélags Bæjarhrepps og Húnaþings vestra og samantekt og tillögur KPMG.

Helstu tillögur eru eftirfarandi:

1. Lagt er til að Menningar- og tómstundaráð verði lagt niður. Menningarmál verði hjá byggðarráði. Íþróttá- og tómstundamál verði hjá fræðsluráði.
2. Lagt er til að þjónustusvið verði tvö. Annarsvegar Fjölskyldusvið og hins vegar Framkvæmda- og umhverfissvið. Stoðsvið verði eitt, Fjármála- og stjórnýslusvið.
3. Lagt er til að myndað verði fjögurra manna framkvæmdaráð. Sveitarstjóri verði æðsti yfirmaður ráðsins. Auk hans sitja í ráðinu sviðstjóri fjármála- og stjórnýslusviðs, sviðstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.
4. Lagt er til að íþróttá- og tómstundamál falli undir verksvið fjölskyldusviðs. Menningarmál falli beint undir sveitarstjóra og byggðarráð. Atvinnumál falli beint undir sveitarstjóra og byggðarráð.
5. Lagt er til að sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs uppfylli skilyrði til að geta sinnt störfum skipulags- og byggingarfulltrúa.
6. Lagt er til að hlutverk þjónustumiðstöðvar (áhaldaþúss) og eignasjóðs verði samþætt og einn rekstrarstjóri verði yfir báðum verkefnum.
7. Lagt er til að starf íþróttá- og tómstundafulltrúa færist undir fjölskyldusvið.
8. Lagt er til að starf forstöðumanns bóka- og skjalasafns færist undir fjármála- og stjórnýslusvið.
9. Lagt er til að hafnarvarsla færist undir verksvið þjónustumiðstöðvar (áhaldaþúss).

10. Lagt er til að málefni slökkviliðs falli stjórnskipulega undir framkvæmda- og umhverfissvið. Fagleg málefni eru áfram á ábyrgð slökkviliðsstjóra í samræmi við lög.
11. Lagt er til að nýtt stjórnskipulag og skipurit taki gildi þann 1. apríl 2013.

Hvað ofangreindar tillögur varðar er vísað til ítarlegrar umfjöllunar í samantekt KPMG um skipurit og stjórnsýslu Húnaþings vestra.

Í samræmi við 5. t.l. samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að fela sveitarstjóra að auglýsa starf sviðsstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs laust til umsóknar.

Í samræmi við 6. t.l. samþykkir sveitarstjórn Húnaþings vestra að leggja niður starf verkstjóra áhaldahúss í núverandi mynd og fela sveitarstjóra að segja Guðmundi Erlendssyni, verkstjóra áhaldahúss upp störfum með starfslokum þann 25. janúar nk. Jafnframt er sveitarstjóra falið að auglýsa starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs laust til umsóknar.“

Framangreindar tillögur bornar upp í heild sinni og samþykktar með 7 atkvæðum.

B „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra og skrifstofustjóra að móta stefnu og áherslur um skipulag áætlanagerðar og eftirlits með fjárreiðum sveitarfélagsins í samræmi við tillögu KPMG. Sú stefnumótun verði lögð fyrir sveitarstjórn og taki gildi þann 1. apríl 2013.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

C „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlögð erindisbréf fastanefnda Húnaþings vestra og öðlist þau gildi þann 1. apríl 2013. Erindisbréfin eru fyrir eftirfarandi fastanefndir:

Byggðarráð

Félagsmálaráð

Fræðsluráð

Landbúnaðarráð

Skipulags- og umhverfisráð

Auk þess samþykkir sveitarstjórn framlagt erindisbréf fyrir Ungmennaráð Húnaþings vestra og öðlast það þegar gildi.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

D „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa framlagðri samþykkt um byggingarnefnd í Húnaþingi vestra til síðari umræðu í sveitarstjórn.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

E „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar innkaupareglur fyrir Húnaþing vestra og skulu þær þegar öðlast gildi.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

F „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagða starfsmannastefnu fyrir Húnaþing vestra og öðlast hún þegar gildi.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

G „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að tilkynna hafnarverði og slökkviliðsstjóra, íþróttá- og tómstundafulltrúa, forstöðumanni bóka- og skjalasafns og formanni menningar- og tómstundaráðs um samþykktar breytingar á stjórnskipulagi og skipuriti sveitarfélagsins.“

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra óskar eftir góðu samstarfi við forstöðumenn og starfsfólk við innleiðingu ofangreindra skipulagsbreytinga.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vill þakka Guðmundi Erlendssyni fyrir vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins á liðnum árum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 11:45

Leó Örn Þorleifsson.

Stefán Einar Böðvarsson.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Ragnar Smári Helgason.

Þorbjörg Ásbjarnardóttir.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.